

Fyrirlögn PISA í grunnskólum

Til : Valgerður Freyja Ágústsdóttir <valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is>
Frá : Valgerður Freyja Ágústsdóttir <valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is>
Heiti : Fyrirlögn PISA í grunnskólum
Málsnúmer : 1802056
Málsaðili : Mennta- og menningarmálaráðun.
Skráð dags : 07.03.2018 12:03:42
Höfundur : Valgerður Freyja Ágústsdóttir <valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is>

Póstur þessi er sendur á fræðslustjóra/skólaskrifstofur og framkvæmdastjóra sveitarfélaga.

Ágæti viðtakandi.

Á tímabilinu frá 12. mars til 13. apríl nk. verður PISA könnunin lögð fyrir í öllum grunnskólum landsins. PISA er alþjóðleg rannsókn þar sem metin er frammistaða 15 ára nemenda í lestri, stærðfræði og náttúrufræði. PISA rannsóknin 2018 verður framkvæmd samtímis í yfir 80 löndum víða um heim.

Menntamálaráðuneytið, ungmennaráð Menntamálastofnunar, KÍ, Heimili og skóli, Skólastjórafélag Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga, Menntamálastofnun og fleiri aðilar hafa átt fundi og samráð um undirbúningsferlið. Lögð hefur verið áhersla á að allir leggi sig fram svo vel takist til og nemendur nái að sýna sitt besta.

Lagt er til að skólar hvetji nemendur og sýni jákvætt viðhorf gagnvart könnuninni. Þá er lagt til að nemendur fái morgunverð í skólanum áður en könnunin er lögð fyrir, enda reynir hún töluvert á úthald og virkni nemenda.

Mikilvægt má telja að fyrirlögnin takist vel. Með bréfi þessu viljum við hvetja sveitarfélög og fræðsluskrifstofur til að huga vel að framkvæmd könnunarinnar og búa vel að skólum og nemendum í fyrirlagnarferlinu. Þátttaka nemenda er afar mikilvæg því lágmarksúrtak í hverju landi er 4.000 nemendur og til að Ísland nái þeim fjölda verða flestir 15 ára nemendur að vera með. Það er því nauðsynlegt fyrir framgang verkefnisins að allir skólar hér taki þátt nú, líkt og áður. Rétt er að geta þess að Menntamálastofnun hefur þegar sent grunnskólum landsins upplýsingar um fyrirlögn PISA.

Búið er að setja góðar upplýsingar inná heimasíðuna **PISA.IS** sem nýtist skólum vel í fyrirlagnarferlinu. Til upplýsingar eru hér fyrir neðan slóðir á áhugaverð myndbönd sem gott er að sýna nemendum og starfsmönnum, glærur fyrir kennara og aðra starfsmenn skóla, rafrænn bæklingur, bréf til nemenda og foreldra og fleira efni.

[Upplýsingaefni um PISA](#)

Tvö áhugaverð og hvetjandi myndbönd á íslensku, sem gott er að nota fyrir nemendur, foreldra og skólasamfélagið:

[Hvatningarmyndband fyrir nemendur.](#)

[Hvatningarmyndband fyrir kennara, skólastjórnendur, tengiliði og foreldra.](#)

[Áhugaverðir punktar](#) til nánari útskýringar.

[Rafrænn bæklingur](#) fyrir nemendur og foreldra.

[Glærur](#) sem má nota í kynningu. M.a. tillaga að morgunmat, tillaga að hvetjandi spjalli við nemendur og fleira.

[Myndband](#) (tæpar 13 mínútur og á ensku) með nánari lýsingu á PISA rannsókninni ætluð starfsfólki skólans og foreldrum.

[Yfirlit](#) yfir verkefni á vegum OECD sem miða að því að nýta þá þekkingu sem hefur komið í gegnum PISA.

Bestu kv. Valgerður